

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands

25. maí 2024

Fundargerð

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn laugardaginn 25. maí 2024 í húsi Krabbameinsfélags Íslands, Skógarhlíð 8, Reykjavík kl. 13-15.

Hlíf Steingrímsdóttir formaður Krabbameinsfélags Íslands (KÍ) setti fundinn og bauð gesti velkomna. Hún lagði til að Kristján B. Thorlacius yrði fundarstjóri og Hrefna Stefánsdóttir yrði fundarritari. Það var samþykkt.

Kristján tekur við sem fundarstjóri og fer yfir lögmæti fundarins og boðun hans og úrskurðar fundinn lögmætan.

Gengið er til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.

Hlíf Steingrímsdóttir byrjar á að vekja athygli á ársskýrslu félagsins og fer yfir töluleg gildi um starf félagsins og stuðning einstaklinga (bls.40-41). Hlíf segir frá nýju slagorði félagsins „því lífið liggur við“ og fer í gegnum nýja stefnu félagsins sem komin er á nýja síðu félagsins. Í fyrsta skipti eru sett fram töluleg markmið í stefnu félagsins (markmið til 2030).

Hlíf þakkar starfsfólki Krabbameinsfélagsins fyrir starfið á árinu og þakkar aðildarfélögum. Þakkar Vigdís sem fer úr stjórn. Minnst Jón Þorgeirs Hallgrímssonar sem lést á árinu.

Fundarstjóri opnar fyrir umræðu um skýrsluna og kom fram ein fyrirspurn eða athugasemd.

Fundarstjóri óskað eftir heimild fundarins til að skjóta á þessum stað inn í dagskrána kynningu á nýrri heimasíðu og ásýnd félagsins og var það samþykkt. Hann bauð síðan velkominn Árna Reyni Alfreðsson, forstöðumann markaðsmála og fjáröflunar, sem fór yfir nýja heimasíðu og nýja ásýnd félagsins. Nýtt slagorð „því lífið liggur við“ nær vel yfir alla þætti starfseminnar. Nýr grafiskur heimur, ný litur og letur, sama merki. Mikilvægt að félagið sé tekið alvarlega en líka hlýr faðmur að koma í.

Fundarstjóri opnar fyrir umræðu/spurningar. Enginn tekur til máls.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Helgi Björnsson, fjármálastjóri KÍ, kynnti ársreikninga KÍ.

Skýrsla stjórnar að mestu óbreytt frá árinu á undan. Rekstrartekjur eru verulega yfir því sem hefur verið seinustu ár. Rekstrargjöld eru minna yfir áætlun en rekstrartekjur svo afkoma félagsins er jákvæð og betri en áætlað var. Launakostnaður hefur aukist vegna launahækkana og fjölgunar starfsmanna í fræðslu og forvörnum og hjá rannsóknasetri - krabbameinsskrá. Bætt afkoma var af Mottumars og af Bleiku slaufunni. Átak til öflunar styrkjaraðila og Velunnara gekk vel. Valkröfur sem sendar voru út í tengslum við Mottumars og Bleiku slaufuna komu vel út. Það er kostnaðarsamt að afla nýrra Velunnara en það skilar hins vegar framtíðartekjum. Breytingar undir annar kostnaður þar sem bókhaldsþjónusta er nú útvistað. Hækkun á endurskoðun þar sem Leitarstöð KÍ var slitið 2023. Farið verður í það að reyna að ná niður bankakostnaði.

Fundarstjóri opnar fyrir umræðu/spurningar. Helgi svaraði spurningum úr sal.



Skýrsla stjórnar borin undir atkvæði og er hún samþykkt.
Reikningar bornir fram til samþykktar og voru þeir samþykktir.

3. Skýrslur aðildarfélaganna lagðar fram til kynningar.

Skýrslur aðildarfélaganna eru aðgengilegar á vef félagsins og lagði fundarstjóri til að ekki yrði fjallað um þær sérstaklega á fundinum, nema einhverjar spurningar eða málefni sem þar kæmu fram kölluðu á umfjöllun fundarins. Fundargestir voru hvattir til að kynna sér efni þeirra á netinu. Engar athugasemdir eða spurningar komu fram undir þessum lið.

4. Kynning á starfs- og fjárhagsáætlun til tveggja ára.

Helgi Björnsson, fjármálastjóri KÍ, kynnti starfs- og fjárhagsáætlun.

Áætlunin gerir ekki ráð fyrir verulegum breytingum á starfsmannahaldi félagsins á komandi ári. Reiknað er með aukningu á styrkjum. Eignir Vísindasjóðs hafa minnkað vegna úthlutunar úr sjóðnum og þarf að afla aukinna fjármuna í þágu sjóðsins, þ.m.t. væntanlega að auka framlag KÍ. Þau mál verða tekin til sérstakrar umræðu. Ekki reiknað með aukningu í fjáröflun Bleiku slaufunnar eða Mottumars. Frekar búist við að það takist að hækka framlög frá Velunnurum. Gert er ráð fyrir auknum kostnaður vegna öflunar nýrra Velunnara og Vísindasjóðs. Afkoma 2025 áætluð 19 milljónir króna.

Helgi ræddi um starfsáætlun félagsins, um væri að ræða framhald af því sem var kynnt á síðasta fundi. Aðgerðir tengdar krabbameinsáætlun og fjármögnun þeirra af hálfu ríkisins geta haft áhrif á rekstur félagsins, með tilliti til þess hvernig félagið þarf að beita sér.

5. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

6. Stjórnarkjör

Jón Þorkelsson gerði grein fyrir tillögum uppstillingarnefndar til stjórnarkjörs. Kjósa þarf í þrjú sæti aðalmanna á þessum fundi, til tveggja ára. Tveir stjórnarmenn sækjast eftir endurkjöri, þeir Sigurður Hannesson og Vilhjálmur Egilsson. Vala Smáradóttir gefur einnig kost á sér í stjórn.

Kjósa þarf í tvö sæti varamanna á þessum fundi, til eins árs. Einn varamaður gefa áfram kost á sér, Hlédis Sveinsdóttir. Þá gefur Pétur Þór Jónasson kost á sér í sæti varamanns.

Fundarstjóri lýsir því að fram hafi komið þrjú framboð í þrjú sæti aðalmanna og tvö framboð í tvö sæti varamanna. Stjórn og varastjórn er því sjálfkjörin og staðfesti fundurinn kjör þeirra með lófataki.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.

Uppstillingarnefnd lagði til að skoðunarmenn reikninga til eins árs væru áfram Birna Guðmundsdóttir, Jón Auðunn Jónsson og Ólafur Dýrmundsson til vara.

Laus eru tvö sæti aðalmanna og eins varamanns. Tveir bjóða sig fram og einn til vara og því sjálfkjörið. Staðfesti fundurinn kjör þeirra með lófataki.

8. Kosning fimm manna uppstillingarnefndar

Fimm manna uppstillingarnefnd gefur öll kost á sér áfram. Guðjón Hauksson, Jón Þorkelsson, Ragnar Davíðsson, Sigrún Lillie Magnúsdóttir og Svanhildur Inga Ólafsdóttir
Uppstillingarnefnd einnig sjálfkjörin og staðfesti fundurinn kjör þeirra með lófataki.



9. Önnur mál

a. Mögulegt samstarf við Ljósið

Vilhjálmur Egilsson gerði grein fyrir hugmyndum um mögulegt samstarf við Ljósið. Fyrir liggur að Ljósið er að leita að framtíðarhúsnæði sem er stærra en það húsnæði sem nú er til staðar, undir starfsemi sína. Jafnframt liggur fyrir að á lóðinni sem húsnæði Krabbameinsfélagsins stendur á við Skógarhlíð 8, eru samkvæmt skipulagi heimildir til byggingar stærra hús en þar stendur nú. Möguleiki á samstarfi við Ljósið um nýtingu þessarar heimildar hefur verið ræddur í stjórn félagsins og uppi eru hugmyndir um að láta skoða hvaða kostir eru í boði um frekari nýtingu lóðarinnar í þessu sambandi með tilliti til þarfagreiningar Ljóssins sem liggur fyrir. Reiknað er með að niðurstaða úr þeirri skoðun liggi fyrir í lok sumars.

Óskað er eftir að stjórnin fái umboð til viðræðna við Ljósið um samstarf við uppbyggingu húsnæðis og að leggja fram lóð og byggingarétt endurgjaldslaut í því skyni. Vilhjálmur leggur fram eftirfarandi tillögu þess efnis:

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands haldinn 25. maí 2024 samþykkir að veita stjórn félagsins umboð til viðræðna við Ljósið um samstarf við uppbyggingu húsnæðis og að leggja fram lóð og byggingarétt endurgjaldslaut í því skyni. Aðildarfélögum verður haldið upplýstum eins og við á um framgang málsins og auka aðalfundur boðaður ef þurfa þykir vegna hugsanlegra verulegra aukinna skuldbindinga eða annarra veigamikilla fjármálaráðstafana sem tengjast málinu.

Fundarstjóri opnar fyrir umræðu/spurningar. Töluverð umræða myndaðist og svaraði Vilhjálmur þeim spurningum sem fram komu.

Tillaga var síðan borin til upp til samþykktar og var hún samþykkt með yfirgæfandi meirihluta.

b. Ályktun aðalfundar KÍ

Hlíf Steingrimsdóttir formaður félagsins kynnir og gerir grein fyrir tillögu að ályktun fundarins.

Fram koma tvær tillögur að breytingum

Annars vegar um að í 4. mgr. verði bætt við orðinu nikótínvörum við upptalningu um þær vörur sem ekki eigi að auðvelda aðgengi að.

Hins vegar er lagt til að í lokamálsgrein ályktunarinnar verði bætt við orðinu tungumál í upptalningu á atriðum sem mikilvægt eru að huga að til að draga úr ójöfnuði.

Fundarstjóri bar upp tillögu um að orðinu nikótínvörum yrði bætt við ákvæði 4. mgr. og var það samþykkt

Fundarstjóri bar upp tillögu um að orðinu tungumáli yrði bætt við upptalningu í lokamálsgrein ályktunarinnar og var það samþykkt.

Ályktunin þannig breytt er borin undir fundinn og samþykkt með yfirgæfandi meirihluta. Hún er svohljóðandi:

Ályktun aðalfundar Krabbameinsfélags Íslands haldinn 25. maí 2024

Því lífið liggur við

Appelsínugul viðvörðun áfram í kortunum

Í ályktun aðalfundar Krabbameinsfélagsins í maí 2023 var vakin athygli á appelsínugulri viðvörðun í kortunum, vegna spár um gríðarlega mikla áframhaldandi fjölgun krabbameinstilvika á næstu árum. Í ályktuninni voru stjórnvöld hvött til að koma upp virkri krabbameinsáætlun með markvissum aðgerðum til að geta brugðist við. Því miður er viðvörðunin enn í fullu gildi.

Birtir til?

Afar ánægjulegt er að heilbrigðisráðherra brást við áskoruninni og skipaði í byrjun þessa árs samráðshóp um aðgerðaáætlun í krabbameinssmálum til fimm ára. Fundurinn bindur miklar vonir við vinnu samráðshópsins og að niðurstaðan leiði til tímasettrar og fjármagnaðrar aðgerðaáætlunar sem geri mögulegt að takast á við áskoranirnar. Fundurinn hvetur til þess að forvarnir, skímanir og staðlaðir greiningar- og meðferðarferlar verði hluti af aðgerðunum.

Stöndum vörð um það sem gott er; Heilsan er það dýrmætasta sem við eigum
Aðalfundur Krabbameinsfélagsins hvetur heilbrigðisráðherra í samstarfi við önnur stjórnvöld, að setja forvarnir í forgang, með virkum stjórnvaldsaðgerðum til að efla lýðheilsu. Margir erlendis horfa til Íslands varðandi árangur í forvarnarmálum, tóbaksvörnum og áfengisneyslu ungmenna sérstaklega. Standa þarf vörð um þennan árangur og gera enn betur.

Aðalfundur Krabbameinsfélagsins skorar á stjórnvöld að taka skýra afstöðu með lýðheilsu og fólkinu í landinu, virða gildandi lög og reglur og auðvelda ekki aðgengi að áfengi, tóbaks- og nikótínvörum. Ef einhver vafi leikur á, láta lýðheilsuna njóta vafans. Markmiðið: að auðvelda almenningi að fylgja ráðleggingum embættis landlæknis um mataræði, hreyfingu og áfengisneyslu. Með samstilltu átaki er hægt að koma í veg fyrir fjögur af hverjum tíu krabbameinum. Því lífið liggur við.

Hámarksárangur af krabbameinsskimunum

Aðalfundurinn skorar einnig á heilbrigðisráðherra að styðja við þær stofnanir sem sinna krabbameinsskimunum þannig að hámarksárangur verði af skimunum. Grípa þarf til kerfisbundinna aðgerða til að auka þátttöku, gera brjóstaskimun gjaldfrjálsa, tryggja nægt aðgengi að tímum og að skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi sem hefst seint á þessu ári, verði sem fyrst innleidd að fullu. Því lífið liggur við.

Stöðluð ferli allt frá því að rökstuddur grunur um krabbamein vaknar

Aðalfundur Krabbameinsfélagsins skorar einnig á heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir því að hér á landi verði innleidd stöðluð greiningar- og meðferðarferli allt frá því að rökstuddur grunur vaknar um krabbamein þar til endurhæfingu eftir krabbamein er lokið. Um er að ræða stórt framfaraskref til að auka líkur á að krabbamein greinist snemma, sem eykur batahorfur og fyrirsjáanleika fyrir sjúklinginn. Ferlið er til þess fallið að auka jöfnuð, óháð búsetu, þjóðerni og samfélagsstöðu, koma í veg fyrir óþarfa biðtíma og auka öryggi sjúklinga. Því lífið liggur við.



Krabbameinsfélagið

Jöfnuður

Allt ofangreint á það sameiginlegt að vinna gegn ójöfnuði tengdum krabbameinum sem er vaxandi hér á landi líkt og annars staðar. Aðalfundurinn undirstrikar mikilvægi þess að í allri krabbameinsþjónustu sé hugað að því að draga úr ójöfnuði sem getur tengst búsetu, uppruna, tungumáli og samfélagsstöðu.

Halla Þorvaldsdóttir framkvæmdarstjóri KÍ fær orðið og nefnir ársskýrsluna sem segir frá því sem nú er gert og markmiðum. Leggur áherslu á mikilvægi samstarfs við aðildafélögin og að með fjáröflun sé verið að bjóða fólki að vera hluti af starfinu.

Engin önnur mál voru rædd.

Hlíf Steingrímsdóttir formaður félagsins fær orðið. Hún þakkar fundarmönnum fyrir fundinn, samþykkt umboð til stjórnar og áréttar mikilvægi samþykktar ályktunar fundarins fyrir starf félagsins.

Fundarstjóri óskar eftir heimild til að fundarritari og -stjóri gangi frá fundargerð og er það samþykkt. Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:07

Fundarstjóri: Kristján B. Thorlacius

Fundarritari: Hrefna Stefánsdóttir


